

Háteigskirkja - söguágrip

Árið 1952 var prestaköllum í Reykjavík fjölgað og var Háteigsprestakall stofnað með lögum þann 17. júlí 1952, en árið 1963 breyttust sóknarmörk með stofnun Grensásprestakalls.

Sr. Jón Þorvarðarson var kosinn lögmætri kosningu í október 1952 og þjónaði hann sófnuðinum til október 1976. Í upphafi var sófnuðurinn án kirkju, en með organista og kór. Messað var í Fossvogskirkju og í hátíðarsal Sjómannaskólans.

Ekki leið á löngu þar til upp komu hugmyndir um að byggja kirkju og fengin var lóð. Halldór H. Jónsson arkitekt var ráðinn til að hanna kirkjuna. Með sameiginlegu átaki sóknarnefndar, byggingarnefndar, fjáröflunarnefndar og vinnufúsra handa hófst bygging Háteigskirkju í september 1957. Þórður Jasonarson, formaður sóknarnefndar, tók fyrstu skóflustunguna.

Á aðventu 1965 var ákveðið að vígja kirkjuna, þótt ýmsu væri ólokið. Var athöfnin vegleg í alla staði og fjölmenn. Biskup Íslands, sr. Sigurbjörn Einarsson vígði kirkjuna.

Sr. Arngrímur Jónsson hóf störf í janúar 1964. Hann þjónaði sófnuðinum til ársins 1993. Sr. Jón Þorvarðarson fékk lausn frá embætti í júlí 1976 og var efnt til prestskosninga sama ár. Sr. Tómas Sveinsson var skipaður í embættið í nóvember sama ár og gegndi því til ársins 2013 ásamt sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur, sem var ráðin að kirkjunni í október 1993.

Sr. Helga Soffía varð sóknarprestur við starfslok sr. Tómasar og henni við hlið starfar sr. Eiríkur Jóhannsson sem hóf störf árið 2014.



Háteigskirkja
Háteigsvegi 27-29
105 Reykjavík



Sími 511 5400

Facebook Háteigskirkja

Instagram @hateigskirkja_reykjavik

www.hateigskirkja.is

hateigskirkja@hateigskirkja.is

Háteigskirkja júní 2023

Háteigskirkja

Söguágrip, byggingar & listaverk



Kirkjubyggingarnar

Kirkjubyggingar Háteigskirkju eru teiknaðar af Halldóri H. Jónssyni arkitekti. Kirkjan er basillíka að formi, sem er hefðbundið kirkjubyggingaform frá upphafi kristni. Basilíkan er ferhyrnt aflöng bygging, kirkjuskipið þrí-, fimm- eða sjöskipt með súlnagöngum og breiðast í miðju, með útskoti á enda með upphækkuðum palli.

Halldór lagði áherslu á þrjá meginþætti við hönnun kirkjunnar: Hún skyldi vera **falleg**, **hlýleg** og **hátíðleg**. Arkitektúr Háteigskirkju er nokkuð einstakur fyrir íslenska kirkju, en þar gætir austrænna áhrifa, sem færa má rök fyrir að sjáist m.a. í oddmjóum turnum kirkjunnar, oddbogaformum glugga og dyra, sem og innandyra í útfærslu súlnaganga, gyllingu súlna og að auki í afmörkuðum skrautgarði við kirkjuna. Halldór ku hafa orðið fyrir áhrifum af heimsókn sinni til Granada á Spáni þar sem hann skoðaði La Alhambra, höll og virki byggt árin 1238-1358 af Múslimum í íslömskum byggingarstíl, þar sem gætir einnig spænskra áhrifa, Nafnið La Alhambra má þýða úr arabísku sem "rauða virkið". Nafnið vísar til hins rauðleita steins sem virkið er byggt úr, en rauður litur er jafnframt áberandi í innréttingum Háteigskirkju. Þá er mikið um bogagöng og gyllingar í La Alhambra auk afmarkaðra lystigarða sem skrautgarðurinn við Háteigskirkju kann að bera vísanir til. Á turni La Alhambra er innfellt turnþak sem á trónir oddmjór kross sem teygir sig til himins, svo sem á við um hina fjóra turna Háteigskirkju. Einnig má segja að kaþólsk áhrif hafi lífað innan veggja



Háteigskirkju í meira mæli en almennt í íslenskum kirkjum, með sýnilegri áherslu á Maríu Mey sem Maríualtarið með Maríumynd eftir Benedikt Gunnarsson, hægra megin við kór kirkjunnar, ber vitni um. Mósaiikverk Benedikts í kórnum ásamt Maríumyndinni auka enn á hinn austræna blæ. Safnaðarheimilið við kirkjuna var teiknað af syni Halldórs, Garðari Halldórssyni og reist árið 1992.



Arkitektinn

Halldór H. (Haukur) Jónsson (fæddur 3. október 1912, látinn 6. febrúar 1992) var arkitekt og viðskiptamaður sem oft var nefndur "stjórnarformaður Íslands" sökum setu hans í stjórn fjölda stórra íslenskra fyrirtækja.

Halldór nam arkitektúr við Konunglega tækniskólann í Stokkhólmi og lauk þaðan námi árið 1938. Hann hélt þá aftur til Íslands og hóf störf við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen en stofnaði ári síðar eigin arkitektastofu. Halldór giftist Margréti Þ. Garðarsdóttur, dóttur stórkaupmannsins Garðars Gíslasonar, árið 1940 og hóf störf við fyrirtæki tengdaföður síns, G. Gíslason & Hay (síðar Garðar Gíslason hf.). Samfara þeim störfum kynntist Halldór efnuðum mönnum í íslensku viðskiptalífi, m.a. Sveini Valfells og Ingólfi á Hellu.

Halldór þótti lausnamiðaður og úrræðagöður og fékk í framhaldi sæti í stjórn fyrirtækja á vegum Garðars og fleiri viðskiptamanna. Halldór var stjórnarformaður Sameinaðra verktafa, stofnað 1954, og átti helmingseign í verktakafyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar. Þáverandi forstjóri Íslenskra aðalverktaka og góðkunningi Halldórs, Geir Hallgrímsson, varð síðar forsætisráðherra Íslands. Halldór sat í stjórn Eimskipafélags Íslands frá 1965 og var stjórnarformaður 1974 til dauðadags. Þá sat hann í stjórn Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi árin 1960-78 og árin 1952-79 í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands.

Halldór hefur verið nefndur einn helsti áhrifavaldur í íslensku athafnalífi á 20. öld samfara því að hafa verið kunnur arkitekt, en hann teiknaði ýmsar þjóðþekktar byggingar auk Háteigskirkju. Má þar nefna Watergate bygginguna (höfuðstöðvar Íslenskra aðalverktaka), Hótel Sögu, Vörugemyslur Eimskips við Sundahöfn, Rannsóknarstofnun sjávarútvegsins (nú Hafrannsóknarstofnun & Sjávarútvegsráðuneytið), Domus Medica, Hótel Borgarnes ofl.

Listaverkin - listamaðurinn

Kórmynd Háteigskirkju eftir **Benedikt Gunnarsson listmálara** (fæddur 14. júlí 1929, látinn 22. nóvember 2018), gaf Kvenfélag Háteigssóknar kirkjunni á aðventu 1988. Þá gerði Benedikt jafnframt



Maríumyndina hægra megin við kórinn. Kórmyndin er 40 fermetrar að stærð og ber yfirskriftina „Krossinn og ljós heilagrar þrenningar“. Báðar myndirnar eru er mósaiikverk og unnar eftir teikningum höfundar af Franz Mayer'sche Hofkunstanstalt í Munchen, Þýskalandi. Um að ræða fyrsta

verkið sem þýska fyrirtækið vann fyrir íslenska kirkju og var Benedikt jafnframt fyrsti íslenski listamaðurinn sem vann með fyrirtækinu við stórverk af þessu tagi. Benedikt valdi í verkið misþykkt mósaiikfni, að mestu leyti úr handsteyptu plötugleri og feneysku glersemi. Einnig valdi hann fjölmarga náttúrusteina, meðal annars ýmsar marmarategundir, hálf-eðalsteina, tilhöggvið gler og antikgler, blaðsilfur og blaðgull fyrir myndirnar. Í Safnaðarheimili kirkjunnar er einnig að finna annað verk Benedikts sem var önnur tillaga hans að kórmynd, en það er verkið „Hvítasunna - kraftbirting heilags anda" sem Benedikt færði kirkjunni að gjöf í nóvember 2002 í tilefni af hálftrar aldar afmæli safnaðarins.

Benedikt hefur gert stórar veggmyndir og steinda glugga í fleiri kirkjur og byggingar á Íslandi, svo sem Keflavíkurkirkju, Háþéjarkirkju í Þykkvabæ, Fáskrúðarbakkakirkju og Suðureyrarkirkju, sem og Grunnskólann á Hofsósi og Vík í Mýrdal og í Héraðsskólann að Skógum.

Málverk eftir Benedikt er að finna víða hérlendis, svo sem í Listasafni Íslands, Listasafni Kópavogs, Listasafni ASÍ, mörgum bæjarlistasöfnum og fjölmörgum einkasöfnum og stofnunum. Þá á Benedikt verk í erlendum söfnum, svo sem í Kanada, Bandaríkjunum, Sviss, Þýskalandi, Mexíkó, Kólumbíu, Danmörku, Svíþjóð og í Ben Gurion-háskólanum í Ísrael.